

## Samantekt

Í vetur var unnið markvisst í lestri í öllum grunnskólum eins og undanfarin ár. Allir skólar eru með Leið til læsis í 1.-4. bekk. Út frá niðurstöðum skipuleggja sérkennarar og umsjónarkennarar áframhaldandi lestrarþjálfun. Einnig eru lögð fyrir hraðlestrarpróf á yngsta stigi og þegar nemendur hafa náð einkunninni 8 fara þeir í framsagnarpróf. Í vetur var ákveðið að byrja markvisst með LOGOS skimanir í 3., 6. og 9. bekk og þeir nemendur sem voru undir 30 hundraðsröðun fóru á 8 vikna lestrarnámskeið. Síðan var skimað aftur. Eftir hverja skimun var haldinn fundur um niðurstöður með umsjónarkennurum og stjórnendum skólans. Á þeim fundum var öflug umræða um hvernig ætti að setja upp lestrarnámskeiðin. Eftir námskeiðin voru haldnir stöðufundir til að meta og endurskoða hvað var gott og hvað betur mætti fara. Einnig fengu allir foreldrar bréf með upplýsingum um LOGOS skimanir ásamt niðurstöðum úr þessum skimunum. Ánægjulegt var að fylgjast með hvað myndaðist mikil fagleg umræða meðal þeirra sem tóku þátt í þessu verkefni.

Í vetur var myndaður faghópur um lestur sem hélt tvo fundi. Farið var í vettvangsferð í Njarðvíkurskóla þar sem Helena Rafnsdóttir deildarstjóri tók á móti okkur og kynnti hvernig staðið hefur verið að læsisverkefninu þar. Átta fulltrúar í faghópnum fóru í þessa ferð. Einnig útbjó faghópurinn verkferla fyrir læsisverkefnið og síðan var farið yfir hvernig hefur gengið að leggja LOGOS skimanirnar fyrir og hvernig kennarar hafa verið virkjaðir og tekið þátt í verkefninu. Sunnlækjarskóli gerði ráð fyrir í sínu skipulagi fyrir veturinn að tveir sérkennarar tækju þátt í skimunum með kennsluráðgjöfum og annar þeirra væri í forsvari fyrir verkefnið. Kennararnir fengu fjórar kennslustundir hvor til þess að sinna skimunum, námskeiðum og utanumhaldi en í lok vetrar kom í ljós að tímarnir þyrftu að vera fimm fyrir þann sem er í forsvari. Í Vallaskóla var það deildastjóri sérkennslu sem sá um að skipuleggja og halda utanum LOGOS skimanir í samstarfi við kennsluráðgjafa. Í unglíngardeildinni var það einn kennari sem tók að sér að skipuleggja námskeiðið og gekk það mjög vel. Á miðstigi og yngsta stigi í Vallaskóla og Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrir sáu umsjónarkennarar og sérkennarar um að skipuleggja námskeiðið og senda bréfin til foreldra.

Það sem framundan er í teyminu:

- að fara yfir læsisstefnu í grunnskólum Árborgar út frá Hvítbók menntamálaráðherra
- að virkja foreldra betur í unglíngadeildinni.
- að kynna læsisverkefni í Árborg betur fyrir kennurum og foreldrum í upphafi skólaárs.

Miklar framfarir hafa orðið í lestri þeirra nemenda sem hafa tekið þátt.

Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi hefur verið með kynningar á læsisverkefninu í Norðlingaskóla í Reykjavík og í Hveragerði á fræðslufundi sem var haldinn að frumkvæði skólaþjónustu Árnesþings. Þórdís, Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri í Árbæ, og Þorsteinn

## Lestur í grunnskólum Árborgar 2014-2015

---

Hjartarson, fræðslustjóri, voru fengin til kynna vinnu með læsi í Árborg á fundi fagraðs Reykjavíkurborgar um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum. Einnig sóttu Þórdís og Sædís Ósk Harðardóttir, verkefnastjóri sérkennslu í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, fund á vegum menntamálaráðuneytisins þar sem tillögur um aðgerðir út frá markmiðum Hvítbókar voru ræddar. Þá kynntu Þórdís og Þorsteinn áherslur Árborgar í skólamálum og þar með talið vinnu með læsi í anda lærdómssamfélagsins á vorráðstefnu Háskólans á Akureyri. Jafnframt kynnti Þorsteinn læsisverkefnið á vorkendi kennsluráðgjafa á Íslandi sem var haldinn á Eyrarbakka.

Gaman er að sjá og upplifa þá grósku sem er í skólunum tengd lestri og hvað skólarnir vinna vel saman.

Þórdís H. Ólafsdóttir,  
kennsluráðgjafi.